



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2015

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki (571. mál)

Viðskiptaráð þakkar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að aðlaga íslenska löggjöf á sviði fjármálamarkaða að Basel III staðlinum og nýju regluverki Evrópusambandsins.

Þegar fjármála- og efnahagsráðuneytið óskaði eftir umsögnum um drög að frumvarpi þessu skilaði Viðskiptaráð umsögn til ráðuneytisins.¹ Í þeirri umsögn kom fram að ráðið að telji rétt að innlend löggjöf á sviði fjármálamarkaða væri í samræmi við löggjöf á evrópska efnahagssvæðinu. Hins vegar væri mikilvægt að reglur væru ekki innleiddar með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegt er. Benti ráðið á nokkur dæmi um þetta í frumvarpsdrögunum. Við vinnslu frumvarpsins hefur að miklu leyti verið tekið tillit til athugasemda Viðskiptaráðs og fagnar ráðið því. Í frumvarpinu er þó enn að mörgu leyti gengið lengra en samkvæmt því regluverki sem markmiðið er að innleiða.

Innleiðing reglna með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegt er til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands hefur slæm áhrif á íslenskt efnahagslíf. Slík löggjöf á því sviði sem hér um ræðir er til þess fallin að skerða samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja og hækka fjármagnskostnað einstaklinga og fyrirtækja hér á landi. Af þeim sökum er Viðskiptaráð því mótfallið því að reglur séu innleiddar með meira íþyngjandi hætti hér á landi en í öðrum löndum.

Til viðbótar við þetta telur Viðskiptaráð rétt að benda á mikilvægi þess að aðlögunarfrestur nýrra reglna sé nægjanlega rúmur. Fyrirtæki þurfa svigrúm til að aðlaga starfsemi sína að breyttu lagaumhverfi til þess að neikvæð áhrif breytinganna á rekstur þeirra séu lágmarkuð. Tekur ráðið undir það sem fram kemur í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um þingmál þetta um þann hraða sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi innleiðingu á ákvæðum CRD IV um eiginfjárouka. Gert er ráð fyrir að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2016 en heimilt er að áfangaskipta innleiðingunni til ársins 2019. Að mati Viðskiptaráðs ætti framkvæmd þessa ákvæðis að vera til samræmis við það sem gerist í nágrennaríkjum Íslands.

Þá tekur Viðskiptaráð einnig undir þá gagnrýni sem kemur fram í umsögn SFF um ákvæði frumvarpsins sem kveða á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að veita undanþágur frá

¹ Umsögn Viðskiptaráðs um frumvarpsdrögin má nálgast á eftirfarandi slóð:
<http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/umsogn-um-breytingu-a-logum-um-fjarmalafyrirtaeki/>

ákvæðum laganna. Kveðið er á um slíkar undanþáguheimildir í allmörgum ákvæðum frumvarpsins. Er það mat ráðsins að slíkar undanþáguheimildir, án efnislegra skilyrða, séu bagalegar og til þess fallnar að draga úr gagnsæi um framkvæmd laganna. Þær hafa einnig í för með sér aukna óvissu og umsýslukostnað fyrir bæði íslensk fjármálafyrirtæki og Fjármálaeftirlitið.

Hvað varðar einstakar greinar frumvarpsins tekur Viðskiptaráð í meginatriðum undir það sem fram kemur í umsögn SFF um frumvarpið. Þó vill ráðið koma sérstaklega á framfæri athugasemdum sínum við 25. og 26. gr. frumvarpsins.

Nái frumvarpið fram að ganga mun hámark breytilegra starfskjara vera 25% af föstum starfskjörum, skv. 25. og 26. gr. Á öðrum Norðurlöndum er hlutfall breytilegra starfskjara margfalt hærra og telur Viðskiptaráð hámark á hlutfall breytilegra starfskjara skv. frumvarpinu vera of lágt. Verði frumvarpið að lögum mun fastur kostnaður fjármálafyrirtækja hækka og útgreiðsla launa verður þeim þungbærari þegar ekki árar vel. Fjármálafyrirtæki munu því fækka starfsfólki í auknum mæli í niðursveiflum í stað þess að draga úr breytilegum starfskjörum þeirra, sem leiðir til aukins atvinnuleysis þegar efnahagssamdráttur á sér stað. Breytingin væri því til þess fallin að draga úr efnahagslegum stöðugleika hérlendis. Telur ráðið heppilegra að veita fjármálafyrirtækjum meiri sveigjanleika í þessum efnunum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands